

Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Húnavellir
514 Blönduós

Garðabær, 2. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0010
IAS

Efni: Skilgreining nýrra efnistökusvæða. Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)

Við er í erindi frá Húnabyggð frá 3. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna nýrra efnistökusvæða.

Um er að ræða sex efnistökusvæði, fimm ný og eitt sem er stækkað.

Hnúksnáma, Nautabúsnáma, Tindaleiti (Leitisás) og Hjalli, Syðri Löngumýri eru í námuskra Vegagerðarinnar. Efnisgerð Hnúksnámu er skráð malarhjalli og blágrýti. Efnistaka verður augin úr 45.000 m³ í 200.000 m³ og flatarmál fer úr 1,7 ha í 4,0 ha. Nautabúsnáma er skráð fullfrágengin og efnistöku lokið, efnisgerð er óskráð. Hér þarf að opna námuna á ný og er fyrirhugað að taka 200.000 m³. Tindaleiti (Leitisás) er skráð frágengin með vottun, efnisgerð er botn- eða leysingarruðningur og tekið er fram að efni sé búið. Hér á að taka 300.000 m³. Hjalli Syðri Löngumýri er skráð sem óopnuð setnáma í árhjalla, hér á að taka 200.000 m³.

Ás gegnt Tindum og Suðurás eru nýjar námur sem ekki eru í námuskra og þar er fyrirhugað að taka 350.000 m³ og 200.000 m³.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Efnistökusvæðin eru utan friðaðra svæða og annarra svæða á náttúruminjaskrá en Hnúksnáma og Nautabúsnáma eru í næsta nágrenni við svæðið Hóp-Vatnsdalur sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela og Nautabúsnáma er skammt frá náttúruvættinu Kattarauga.

Sethjallar og aðrar jarðminjar frá lokum ísaldar geta gefið upplýsingar um hörfun jökla á síðjökultíma og á sama tíma henta þær oft vel til efnistöku. Þó að þær njóti ekki formlegrar verndar er mikilvægt að farið sé varlega í efnistöku og einhverjum svæðum hlíft.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þá umhverfispætti sem verða skoðaðir þegar áhrif framkvæmdanna verða metin.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

